

**Aðalfundur Læknafélags Íslands**  
**20.október 2023**

**Ályktun**

**varðandi bættar réttarstöðu lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna og öryggi sjúklinga**

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 20. október 2023 hvetur Alþingi til að staðfesta breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga varðandi refsíabyrgð heilbrigðisstofnana og rannsókn alvarlegra atvika.

**Greinagerð:**

Læknafélag Íslands hefur lengi kallað eftir úrbótum á réttarstöðu heilbrigðisstarfsmanna í meðferð og rannsókn mála er varða alvarlegra atvik í heilbrigðiskerfinu.

Ofanefnd lög, sem liggja fyrir Alþingi og bíða samþykkis, eru afrakstur starfshóps skipuðum af heilbrigðisráðherra. Nýja frumvarpið teura mið af mikilvægum þáttum í tengslum við alvarleg atvik og eru veigamikill áfangi í að stuðla að bættu öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna. Hluti af því er að draga lærdóm af fyrri atvikum til að fyrirbyggja að þau endurtaki sig í framtíðinni.

Mikilvægt er að refsíabyrgð vinnuveitanda sé innleidd í lög þar sem hún á greinilega við, í stað þess að einstaka heilbrigðisstarfsmaður sé persónulega sóttur til saka, eftir atvik sem fyrst og fremst eiga rætur að rekja til kerfislægra þátta í starfsumhverfi. Í dag eru Íslendingar eina norræna þjóðin sem ekki hefur enn innleitt lögjöf sem tekur til refsíabyrgðar heilbrigðisstarfsfólks í kjölfar alvarlegra atvika.